

Reykjavík 11. janúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.). Þingskjal 641 — 499. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna framlögðu frumvarpi og styðja þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Samtökin telja mikilvægt að unnið sé gegn allri tóbaksnotkun ungs fólks og framboð sé takmarkað á tóbaksvörum sem sérstaklega er ætlað að höfða til ungmenna, þar með talið á reyklausu tóbaki. Samtökin telja mjög mikilvægt að leitað sé allra leiða til að vinna gegn notkun ungmenna á tóbaki og þannig komið í veg fyrir þá sjúkdóma sem tóbaksnotkunin veldur. Mikilvægt er að stuðlað sé að besta mögulega heilsufari barna og ungmenna.

Barnaheill- Save the Children á Íslandi leggja jafnframt til að fé til forvarna verði tryggt. Forvarnir eru ávallt besta leiðin til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni noti tóbak eða vímuefni.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi og lög landsins tryggi börnum þá vernd sem velferð þeirra krefst.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla- Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla- Save the Children á Íslandi